

**Sp.**

**777. Þingsályktun**

[95. mál]

um skipun nefndar til að kanna öryggisbúnað fiski- og farskipahafna.

(Afgreidd frá Sp. 27. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni skipun fimm manna nefndar til að gera heildarathugun á fiski- og farskipahöfnum landsins með tilliti til slyshættu sjómanna og annarra sem um hafnir fara.

Í nefndinni sitji einn fulltrúi tilnefndur af Slysavarnafélagi Íslands og sé hann formaður nefndarinnar. Eftirtaldir aðilar skipi hver einn fulltrúa í nefndina: Siglingamálastofnun ríkisins, Hafnamálastofnun ríkisins, Landssamband ísl. útvegsmanna og Sjómannasamband Íslands.

Skal starf nefndarinnar miða að því:

- a) að benda á kunnar eða hugsanlegar slysgildir við hafnarmannvirki og landgang skipa og báta,
- b) að benda á við hvaða hafnir landsins og á hvaða sviði sé helst og brýnust þörf úrbóta,
- c) að kanna aðbúnað til björgunar og slysavarna við hafnir landsins,
- d) að gera tillögur um leiðir til úrbóta í ofangreindu efni, sjómönnum og öðrum, sem um hafnir fara, til aukins öryggis.

Ofangreind athugun og tillögugerð skal liggja fyrir eigi síðar en í árslok 1982.